

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Grýtubakkahreppi.

Breyting á deiliskipulagi í Laufási í Grýtubakkahreppi.

Á fundi sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps sem haldinn var 8. maí 2006 var samþykkt deiliskipulagsbreyting í Laufási í Grýtubakkahreppi.

Breytingin felst í byggingarreit fyrir viðbyggingu við þjónustuhús/fræðslumiðstöð (nr. 4 á uppdrætti) til norðurs. Byggingarreitur er 6,8 x 6,8 metrar.

Leyfilegt er að byggja einnar hæðar viðbyggingu norðan við núverandi hús. Stærð hennar má vera 46,3 fm. Þá er heimilt að reisa svalir 1,8 x 4 m á vesturhlið núverandi húss. Útlit og útfærsla viðbyggingarinnar og svala er háð samþykki húsafriðunarnefndar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Grenivík, 31. maí 2006.

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.